

**Fundargerð 42. fundar
bæjarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
12. febrúar 2020 , kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon,
Daði Bergþórsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, staðgengill bæjarstjóra.

1. Suðurnesjabær - fjárhagsáætlun 2020 - 1907045

Minnisblað frá sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs og deildarstjóra frístundadeildar.

Afgreiðsla:

Bæjarráð samþykkir að farið verði eftir tillögu minnisblaðsins þar sem umrædd stöðugildi eru áður samþykkt en fjárheimildir vantaði. Bæjarstjóra falið að leggja fram viðauka.

2. Samstarfssamningar félagasamtök - 1901039

- 1) Drög að samstarfssamningi við Knattspyrnufélagið Reyni
- 2) Drög að samstarfssamningi við Knattspyrnufélagið Víði
- 3) Drög að samstarfssamningi við Golfklúbb Sandgerðis
- 4) Drög að samstarfssamningi við Nes
- 5) Drög að samstarfssamningi við Taekwondo deild Keflavíkur

Afgreiðsla:

Afgreiðslu málsins frestað og formanni bæjarráðs ásamt bæjarstjóra falið að vinna málið áfram miðað við umræður.

3. Ljósleiðarakerfi í Suðurnesjabæ - 1912023

Minnisblað frá sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs og verkefnisstjóra á skipulags- og umhverfissviði.

Afgreiðsla:

Bæjarráð samþykkir tillöguna og sviðsstjóra falið að vinna málið áfram.

4. Jafnlaunavottun innleiðing - 1908032

Minnisblað frá sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs um stöðu jafnlaunavottunar.

Afgreiðsla:

Bæjarráð samþykkir tillöguna og sviðsstjóra falið að vinna málið áfram.

5. Bæjarskersrétt - námskeið - erindi - 2001099

Beiðni frá Bjarka Wium um leyfi landeiganda til að vinna að endurbótum á Bæjarskersrétt.

Afgreiðsla:

Bæjarráð vísar erindinu til framkvæmda- og skipulagsráðs.

6. Átak til að bæta starfsumhverfi leikskóla í Suðurnesjabæ - 1911026

Minnisblað deildarstjóra fræðsluþjónustu.

Afgreiðsla:

Lagt fram og óskað eftir frekari upplýsingum.

7. Starfshópur um efnahagsþróun á norðurslóðum - 2002004

Erindi frá Utanríkisráðuneyti dags. 31.01.2020.

Afgreiðsla:

Bæjarstjóra falið að vinna að málinu.

8. Heilbrigðisþjónusta í sveitarfélaginu - 1812011

Minnisblað frá sviðsstjóra stjórnarsýslusviðs.

Afgreiðsla:

Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

9. Menntastefna - 2001051

Á 21. fundi bæjarstjórnar var máli 7 frá 14 fundi fræðsluráðs vísað til bæjarráðs til umfjöllunar.

Afgreiðsla:

Bæjarráð samþykkir að vinna að gerð menntastefnu fyrir Suðurnesjabæ og felur sviðsstjóra að vinna tillögu að fyrirkomulagi þeirrar vinnu.

10. Styrkir til félagasamtaka vegna fasteignagjalda - 1902033

- a) Erindi frá Golfklúbbi Sandgerðis dags.28.01.2020.
- b) Erindi frá Kiwanisklúbbnum Hof dags. 29.01.2020.
- c) Erindi frá Útskálasókn dags. 03.02.2020.
- d) Erindi frá Lionsklúbbi Sandgerðis dags. 11.02.2020.

Afgreiðsla:

Samþykkt að verða við erindum frá Kiwanisklúbbnum Hof, frá Útskálasókn og frá Lionsklúbbi Sandgerðis. Erindi frá Golfklúbbi Sandgerðis er afgreitt í samræmi við samning.

11. Sandgerðishöfn starfshópur um rekstur - fundargerðir - 1912013

Minnisblað frá starfshópi vegna Sandgerðishafnar.

Afgreiðsla:

Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga og veitir fjárheimild allt að kr. 3.4 milljónir í samræmi við minnisblað. Bæjarstjóra falið að gera viðauka vegna málsins.

12. Suðurnesjabær - greining rekstrar og starfsemi - 2001070

Á 21. bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar var afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða og bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

Minnisblað frá sviðsstjóra stjórnslusviðs.

Afgreiðsla:

Samþykkt að ganga til samninga skv. minnisblaðinu.

13. Keilir - húsnæðismál - 2001028

Áreiðanleikakönnun.

Afgreiðsla:

Lagt fram og rætt.

14. Almannaþing VHF talstöðvakerfi - 2002014

Beiðni frá Björgunarsveitinni Ægi og Björgunarsveitinni Sigurvon um aðstoð við kaup á VHF talstöðvum.

Afgreiðsla:

Málinu frestað.

15. Öskudagur í Suðurnesjabæ - 2002016

Minnisblað frá sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

Afgreiðsla:

Bæjarráð felur félagsmiðstöðum unglinga í Suðurnesjabæ að halda utan um viðburði í tengslum við Öskudag fyrir börn í bænum.

16. Rauða krossinn á Íslandi. Suðurnesjadeild - 1810064

Fundargerð samráðshópur um áfallahjálps dags. 05.02.2020

Afgreiðsla:

Lagt fram.

17. Bjarg Húsnæði stofnframlag - 1806474

Minnisblað frá sviðsstjóra stjórnslusviðs og sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs.

Afgreiðsla:

Bæjarráð telur rétt að vinna samkvæmt minnisblaðinu og felur bærarstjóra að vinna málið áfram.

18. Náttúruminjasafn Íslands - ósk um lán á uppsettum rostungi - 1912035

Rostungslán afþakkað.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

19. Jafnréttisþing 2020 - 1912056

Skráning er hafin á jafnréttisþing sem fram fer 20. febrúar.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar. Formaður bæjarráðs mun sækja þingið ásamt

42. fundur bæjarráðs
13.02.2020

embættismönnum.

Fundi slitið kl. 18:40.

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Daði Bergþórsson

Bergný Jóna Sævarsdóttir